

**Verkskil fyrir vinnu í gagnagrunni OS árið
2000**

Sigvaldi Thordarson

Greinargerð STh-2001-01

Verkskil fyrir vinnu í gagnagrunni OS árið 2000

Samningar

Sett var á laggirnar sérstök nefnd til að ganga frá samningi um vinnu við sameiginlegan gagnagrunn ALD og ROS. Í nefndinni sitja gagnagrunnstjórar frá OMS og ROS, auk eins fulltrúa frá hvoru sviði (Helgi Torfason, ALD; Sigvaldi Thordarson, ROS; Hilmar Sigvaldason, OBD; Skúli Víkingsson, ROS).

Mikil vinna var í upphafi árs lögð í að ganga frá samningnum og var í upphafi nokkur ágreiningur um það hvernig gengið yrði frá honum. Annarsvegar var uppi sú hugmynd að nákvæmlega yrði tilgreint hvaða verk yrðu unnin og hvað borgað yrði fyrir þau. Hins vegar var sú hugmynd að ákveðin verk yrðu valin sem forgangsverkefni, en önnur verk yrðu unnin ef sérstakt tækifæri gæfist til þess, og myndi gagnagrunnsnefndin bera ábyrgð á verkefnavali og verkskilum. Að lokum var ákveðið að fylgja síðari kostinum, en nokkuð dróst að frá samningi yrði gengið og var hann ekki frágenginn fyrr en í september 2000.

Áhersluatriði fyrir árið 2000

Samkvæmt sérsamningi milli ALD og ROS (Tölvugagnagrunnur OS, vnr. 3-580-510, dagsettur 7. september 2000) var lögð áhersla á eftirtalin verkefni fyrir árið 2000:

- Staðsetja sýnatökustaði fyrir kalt vatn
- Jarðfræði í borholum
- Yfirlit um gagnasafn OS
- Önnur verk

Gagnagrunnsnefndin fjallaði einnig um það að gert yrði átak í að koma hnitum borholna inn í gagnagrunninn, en sú vinna myndi unnin hjá OMS að mestu.

Vinna árið 2000

Í verknúmerakerfi ROS hafa verið virkjuð eftirfarandi númer til að sinna þessum verkum (og framtíðarverkum):

8-580-500 → Umsjón með gagnasafni ROS

8-580-501 → Vinna við gagnasafn FFR

8-580-502 → Vinna við gagnasafn JEF (sýnatökustaðir)

8-580-503 → Vinna við gagnasafn JEL

(8-580-504 → Vinna við jarðfræðikort) - unnið skv. öðrum samningi frá 1999.

8-580-505 → Vinna við borholujarðfræði

8-580-506 → Endurnýjun og lagfæringar (staðsetningar, hnit)

8-580-500

Eins fram hefur komið fór mikil vinna í gerð samnings milli ALD og ROS, og er sú vinna færð á þetta verknúmer, auk almennrar umsjónar með gagnagrunnsverkum.

Vinna á þessu verknúmeri var á árinu 2000 sem hér segir:

182 klst.	819.509.- kr.
-----------	---------------

8-580-501

Á þetta verknúmer var færð öll vinna sem tengdist gagnasafni forðafræðideildar. Hér er aðallega um að ræða yfirferð á gögnum, innslátt á mælingum þar sem verkkaupi er óljós, frágang leiðnimælinga auk þess sem tafla fyrir hitastigla var búin til og gögn færð í hana.

Vinna á þessu verknúmeri var á árinu 2000 sem hér segir:

179 klst.	664.306.- kr.
-----------	---------------

8-580-502

Eins og áhersla lá til, var unnið töluvert í að staðsetja sýnatökustaði á árinu 2000. Steinunn Hauksdóttir hefur haft umsjón með þessu verki. Hún hefur útbúið lista yfir þau sýni sem tekin hafa verið og ekki hafa fengið neitt staðarnúmer. Næsta skref var síðan að láta sýnatökumenn hafa sinn lista ásamt kortum af þeim svæðum sem sýnin voru tekin á og merkja inn á kortin. Sá hluti sýna sem merktur var vatnamælingamönnum (auk sýna sem tekin voru í ám) var sendur á VM til úrvinnslu, en einnig fengu þeir Freysteinn Sigurðsson og Þórólfur H. Hafstað sinn skammt, og eru þeir byrjaðir að skila niðurstöðum. VM hafa fundið staðarnúmer á þau sýni sem þeir fengu, en FS og ÞHH merktu sýnatökustaðina inn á kort og er nú verið að hnita þau. Þegar hnitun þeirra er lokið, verður listinn ásamt kortagrunni með hnitum staðanna sendur til VM, en þeir munu finna staðarnúmer fyrir flesta staðina, þar sem þeir tengjast yfirleitt ám.

Vinna á þessu verknúmeri var á árinu 2000 sem hér segir:

348,6 klst.	1.519.749.- kr.
Útlagður kostnaður	4.337.- kr.
Samtals:	1.524.086.- kr.

Til að gefa einhverja hugmynd um umfang verksins þá áætlaði Jón Örn Bjarnason að milli 7.500 og 8.000 sýnatökur ætti eftir að staðfæra, þar af væru um 3.500 tekin af köldu vatni. VM hafa nú staðfært um 1.000 sýnatökustaði og Freysteinn og Þórólfur hafa merkt inn á kort um 350 sýnatökustaði og er hnitun þeirra u.þ.b. að ljúka. Enn er eftir að ganga frá þessu inn í gagnagrunnstöflur. Magnús Ólafsson er búinn að fá lista yfir ~900 sýni sem hann hefur tekið, bæði heit og köld, en af hagkvæmnisástæðum verður farið fram á að í hans yfirferð merki hann hvoru tveggja inn á kort. Það gæti einnig átt við fleiri.

8-580-503

Hér er skráð vinna við gagnasafn jarðeðlisfræðideildar, en engin stór verk voru þar í gangi. Það eina sem unnið var að á árinu 2000 var við að ganga frá og afrita segulbandssafn deildarinnar.

Vinna á þessu verknúmeri var á árinu 2000 sem hér segir:

40 klst.	195.880.- kr.
----------	---------------

8-580-505

Vinna við borholujarðfræði er hafin, búið er að gera töflu sem á að hjálpa til við skrásetningu þeirra gagna sem til eru. Þar sem vinna hófst seint í þessu verki er það enn á byrjunarstigi, mikil vinna er eftir í að skrá þau jarðlagagögn sem til eru á heimasvæðum starfsmanna, auk þess sem alveg er eftir að reyna að samræma gögnin þ.a. hægt sé að skrá þessi gögn í gagnagrunn með skipulegum hætti.

Vinna á þessu verknúmeri var á árinu 2000 sem hér segir:

79 klst.	344.742.- kr.
----------	---------------

8-580-506

Hér hefur verið færð vinna við innslátt á eldri mælingum, auk þess sem safnað hefur verið þó nokkuð af hnitum borholna (aðallega í tengslum við vinnu í hitastigulverki). Einnig var reynt að fá einhverja yfirsýn um hvaða töflur eru í gagnagrunni ROS.

Einnig gafst tækifæri á að senda töluvert af grunnkortum OS (1:20.000) í skönnun hjá Hnit hf.

Vinna á þessu verknúmeri var á árinu 2000 sem hér segir:

225,5 klst.	649.790.- kr.
Útlagður kostnaður	477.084.- kr.
Samtals:	1.126.874.- kr.

Samantekt

Í ofangreindum verkum hefur því vinna á árinu 2000 verið:

1.054,1 klst.	4.193.976.- kr.
Útlagður kostnaður	481.421.- kr.
Samtals:	4.675.397.- kr.

Samkvæmt samningnum milli ALD og ROS var 5.600.000.- kr. ætlað í gagnagrunnsverk ársins 2000, þ.a. 924.603.- kr. vantar upp á að klára þá vinnu. Skýrist það aðallega af því að mjög dróst að ganga frá samningnum og var því erfitt að festa menn til vinnu í þessum verkum, þar sem flestir hafa haft yfirið nóg fyrir stafni. Ef samningagerð lýkur á fyrstu mánuðum ársins er mun líklegra að hægt sé að fá fólk til að sinna þessu, og ef hægt er að halda sömu stefnu í samningi fyrir árið 2001 og var á endanum valin í samningi fyrir árið 2000, er líklegt að svo megi verða. Einnig er mikið af undirbúningsvinnu fyrir stærstu verkefni í gagnagrunnsvinnunni lokið þ.a. búast má við betri heimtum í þeim verkum á næstunni.

Sigvaldi Thordarson